

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Reykjanesbæ.

Deiliskipulag fyrir Hafnargötu, Suðurgötu, Skólaveg og Vatnsnesveg.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar hefur þann 17. september 2019 samþykkt nýtt deiliskipulag fyrir Hafnargötu, Suðurgötu, Skólaveg og Vatnsnesveg.

Deiliskipulagið felur í sér aukið byggingarmagn og fjölgun íbúða við Hafnargötu, nýja vegtengingu við Skólaveg og að innkeyrsla verður frá Hafnargötu. Heimild er fyrir viðbyggingum við hús við Suðurgötu og Vatnsnesveg, bílastæðum á lóðum, auknu byggingarmagni og fjölgun íbúða. Heimilt verður að skipta upp lóðum við Suðurgötu. Lóðamörk breytast þannig að nokkrar lóðir stækka yfir bæjarland.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Reykjanesbæ, 2. júní 2020.

Kjartan M. Kjartansson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 18. júní 2020